

**Ísafjarðarbær  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður**

Ísafjörður 23. júní 2020

Þann 20. ágúst n.k. verða liðin hundrað ár síðan Bókaverslun Jónasar Tómassonar hóf starfsemi en þann dag fékk Jónas Tómasson organisti útgefið verslunarleyfi. Verslunin var í fyrstu staðsett á neðri hæð hússins við Aðalstræti 26A en flutti starfsemi sína í byrjun árs 1929, í þá nýbyggt hús, að Hafnarstræti 2. Þar hefur verslunin starfað síðan en síðustu árin í eigu Pennans/Eymundssonar.

Til að minnast þessara tímamóta ætla afkomendur stofnandans að koma saman hér á Ísafirði dagana 1. til 3. ágúst n.k. Meðal þess sem fyrirhugað er að gera að þessu tilefni er að setja skjöld úr steypujárni í gangstéttina við aðalinngang verslunarinnar. Fyrirhugað er að skjöldurinn verði afhjúpaður laugardaginn 1. ágúst n.k., fáist til þess samþykki bæjaryfirvalda.

Skjöldurinn verður um 60 x 60 að stærð og er hugmyndin að hann verði felldur ofan í gangstéttina, líkt og skjöldurinn sem settur var niður á horni Silfurgötu og Aðalstrætis þar sem verslunin Björnsbúð starfaði lengi.

Ég vil því með bréfi þessu óska eftir samþykki Ísafjarðarbæjar fyrir staðsetningu skjaldarins og e.t.v., ef þess er kostur, aðstoð við að koma honum fyrir í gangstéttinni. Þess má geta að uppsetning skjaldarins er gerð með fullu samþykki núverandi eigenda húseignarinnar við Hafnarstræti 2.

Meðfylgjandi eru:

- A) Mynd er sýnir fyrirhugaða staðsetningu skjaldarins
- B) Hugmynd að útliti skjaldarins



Gunnlaugur Jónasson

# Bókaverslun Jónasar Tómassonar

Jónas Tómasson tónskáld og bóksali hóf verslunarrekstur  
að Aðalstræti 26A eftir að hann fékk verslunarleyfi  
þann 20. ágúst 1920.



Í janúar 1929 flutti verslunin í nýbyggt húsnæði að  
Hafnarstræti 2 og hefur starfað þar síðan.  
Bókaverslunin var í eigu fjölskyldu stofnandans til ársins 2006  
þegar Pennin/Eymundsson, eignaðist hana.  
Verslunin var lengst af þekkt undir nafninu

## Bókhlaðan

Skjöldur þessi var afhjúpaður í ágúst 2020

57x66 cm

# BOKHLAGADAN

Справочная

